

## AUGLÝSING

### um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31 2. febrúar 1982.

#### 1. gr.

1. málsgrein 3. greinar orðist þannig:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 4,13 fyrir hvern rúmmetra vatns.

#### 2. gr.

1. málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 7,60 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 83,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 166,00 ef greiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1982.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1982.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 30. nóvember 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 30. nóvember 1982:

Söltuð ufsaflök:	D. M. pr. lest cif.
16/20 FF .....	6 330,00
21/25 FF .....	6 110,00
26/30 FF .....	5 870,00
31/35 FF .....	5 620,00
36/40 FF .....	5 360,00
41/45 FF .....	5 120,00
46/50 FF .....	4 780,00

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. október 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*